

# Lestur er undirstaða alls náms

**Erna Gísladóttir**  
**280959-3329**



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed gráðu  
í grunnskólafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Leiðbeinandi  
Guðmundur Björn Kristmundsson

## Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um rannsókn sem gerð var til að skoða þær aðferðir sem notaðar eru við að hjálpa nemendum að skilja það sem þeim er fyrirlagt að lesa í skólanum. Rannsóknin var gerð í Grunnskóla Hornafjarðar í mars og apríl 2010 og var hún unnin á þann hátt að skoðaðar voru kennsluaðferðir í tveimur árgöngum, 7. – 8. bekkjum. Undirrituð sat í kennslustundum og fylgdist með aðferðum kennara og ræddi við þrjá nemendur í 7. bekk. Rannsóknin er eigindleg vettvangsrannsókn. Niðurstöðurnar voru þær að ekki er verið að beita markvissum aðferðum í að efla lesskilning nema í litlum mæli en kennarar eru engu að síður að gera marga góða hluti. Þær leiðir sem kennararnir fara eru þó að mestu leyti byggðar á innsæi og reynslu fremur en á kennslufræðilegum kenningum.

## Formáli

Allt frá því að ég hóf störf við Grunnskóla Hornafjarðar, fyrir átta árum, hef ég velt því fyrir mér hvernig hægt er að hjálpa nemendum að skilja betur það sem þeim er ætlað að lesa. Þegar ég sótti námskeiðið „Lestur og ritun“ á Íslenskukjörsviði hjá þeim Baldri Sigurðssyni og Guðmundi B. Kristmundssyni þá varð mér það ljósara en nokkurn tíma fyrr hversu mikilvægt það er fyrir hvern og einn að kunna að lesa þannig að skilningur sé á lesefninu því að allt lífið þarf maður að nýta þá kunnáttu.

Við vinnu mína í þessu verkefni hef ég orðið margs vísari um leiðir sem nýta má í starfi mínu sem kennari og tel ég að brýn þörf sé á því að íslenskir grunnskólakennarar taki höndum saman og nýti sér þær markvissu aðferðir sem til eru. Mjög brýnt er að allir þeir sem læra til grunnskólakennara fái námskeið í þeim efnunum.

Sú staðreynd að íslenskum grunnskólanemendum hefur farið aftur í lesskilningi, samkvæmt PISA og PIRLS rannsóknum, varð kveikjan að því að ég ákvað að velja þetta viðfangsefni. Ég ákvað að athuga hvernig þessum málum er háttað í 7. og 8. bekkjum Grunnskóla Hornafjarðar, í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Lestur minn á niðurstöðum rannsóknar Jarþrúðar Ólafsdóttur, *Brjóstvit eða fræði*, varð líka til þess að mér lék forvitni á að vita hvort við á suðurhluta Austurlands værum í sömu sporum og þeir sem tóku þátt í hennar rannsókn, þ.e. skólar frá Vopnafirði í norðri að Breiðdalsvík í suðri.

Niðurstaðan er sú sama. Ekki er verið að nota markvissar aðferðir í lesskilningi nema að mjög litlu leyti en ómeðvitaðar aðferðir eru notaðar að einhverju leyti.

Það lá beinast við að biðja Guðmund B. Kristmundsson að vera leiðbeinanda minn í þessu verkefni, þar sem hann er manna kunnugastur þessum fræðum. Hann tók vel í að leiðbeina mér og vil ég þakka honum fyrir góða leiðsögn. Einnig vil ég þakka skólastjórum, kennurum og nemendum í Grunnskóla Hornafjarðar fyrir jákvæðni á meðan á rannsókn minni stóð svo og Soffiu Auði Birgisdóttur fyrir yfirlestur.

Hornafjörður, apríl 2010  
Erna Gísladóttir

# Efnisyfirlit

1 Inngangur	7
1.1 Uppbygging ritgerðarinnar	7
1.2 Rannsóknin	7
1.3 Ástæða fyrir vali á viðfangsefni	9
2 PISA og PIRLS kannanir	10
2.1 PISA Þróunin á árunum 2000 – 2006	10
2.2 PIRLS 2006	11
3 Brjóstvit eða fræði	13
4 Hvað er til ráða?	15
4.1 Orð af orði	16
4.2 Gagnvirkur lestur	17
4.3 Hugtakakort	18
4.4 Kann – vil vita – hef lært	19
4.5 Litið til framtíðar	20
5 Eigindleg rannsókn	24
5.1 Aðferð	24
5.2 Vettvangur	25
5.3 Gagnasöfnun	25
5.4 Greining gagna	26
5.5.Niðurstöður	26
5.6. Umræða	28
Lokaorð	30
Heimildaskrá	31
Fylgiskjal 1	33

## **Skrá yfir töflur**

Tafla 1. Orðgreining og orðaforði	21
Tafla 2. Aukinn orðaforði og skilningur	21
Tafla 3. Allskonar lestur	22

## **Skrá yfir myndir**

Mynd 1 Sýnishorn af hugtakakorti	19
Mynd 2 Sýnishorn af hugtakakorti	19

# 1. Inngangur

„Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Hún er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur eykur orðaforða og stuðlar að betra valdi á málinu en hvort tveggja er mikilvægt í öllum mannlegum samskiptum.”<sup>1</sup>

Íslendingar virðast vera að vakna við þann vonða draum að lesskilningi sé ábótavant hjá íslenskum grunnskólanemendum. Samkvæmt niðurstöðum úr PIRLS og PISA rannsóknum er ljóst að lesskilningi hefur hrakað frá fyrri árum. Hvað er til ráða?

Meginviðfangsefni ritgerðarinnar er að skoða þær leiðir sem notaðar eru í lesskilningskennslu og þær leiðir sem hægt væri að nýta sér í kennslu til að hjálpa nemendum að skilja betur það sem lesið er.

## 1.1 Uppbygging ritgerðarinnar

Ritgerðin er unnin út frá heimildum og athugun sem ég gerði í Grunnskóla Hornafjarðar á því hvernig lesefni er borið á borð fyrir nemendur í náttúrufræði, samfélagsfræði og íslensku. Í athuguninni er verið að skoða hvaða aðferðir eru notaðar, markvissar eða ómarkvissar, við að hjálpa nemendum með lesskilning. Athugunin var gerð í 7. og 8. bekkjum skólans.

Í ritgerðinni eru einnig skoðaðar niðurstöður úr PIRLS og PISA rannsóknum ásamt niðurstöðum úr rannsókn Jarþrúðar Ólafsdóttur, *Brjóstvit eða fræði*, þar sem hún skoðar lesskilningskennslu í grunnskólum á Austurlandi.

Skoðaðar eru þær áherslur sem kennurum eru settar í kennslu í Aðalnámskrá grunnskólanna og sýndar viðurkenndar leiðir til að ná þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

## 1.2 Rannsóknin

Rannsóknarspurningin er: *Hvaða aðferðum í lesskilningi er beitt í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði í 7. og 8. bekkjum Grunnskóla Hornafjarðar til að aðstoða nemendur við að skilja það sem þeim er ætlað að lesa?*

Markmið rannsóknarinnar er að skoða þær leiðir sem notaðar eru til að hjálpa íslenskum grunnskólanemendum við að skilja það sem þeim er ætlað að lesa. Eftir heimildasöfnun og

---

<sup>1</sup> Menntamálaráðuneytið (1999: vefsíða).

mikla ígrundun fór ég að íhuga hvernig best væri að afla þeirra upplýsinga sem ég vildi fá. Í samráði við leiðbeinanda minn, Guðmund B. Kristmundsson, ákvað ég að fá að sitja í tímum í 7. og 8. bekkjum og samdi spurningalista sem ég hafði til hliðsjónar í athugun minni.

Rannsóknin er eigindleg vettvangsrannsókn þar sem ég sat í kennslustundum og fylgdist með kennslu í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Leyfi var fengið hjá skólastjóra til að gera rannsóknina og hún kynnt á kennarafundi án þess þó að sagt væri frá eftir hverju verið væri að leita í rannsókninni. Ég lét ekki vita áður en ég kom í kennslustundir og var mér allsstaðar vel tekið. Ég lét eins lítið á mér bera og hægt var, sat yfirleitt aftast í skólastofunni og fylgdist með kennslunni. Lítil truflun varð af veru minni í kennslustundum.

Mér fannst öruggara að láta kennara og leiðbeinendur ekki vita af því sem ég var að gera til að þeir færu ekki að breyta kennsluháttum sínum.

Ég setti upp spurningalista sem ég hafði til að styðjast við á meðan athuguninni stóð. Hann var eftirfarandi:

1. Hvernig vekur kennari áhuga nemenda sinna á lestrarefninu?
2. Hvernig leiðbeinir kennari nemendum með að lesa það sem lesa á? Er farið í hugtök, orðaforða eða annað sem hjálpar nemendum að ná efninu?
3. Eru búnar til spurningar úr lestrarefninu og ef svo er hvernig eru þær spurningar? Eru þær opnar, lokaðar, taka á meginefni textans eða er verið að fást við aukaatriði?
4. Fer kennari yfir aðalatriði textans og ef svo er hvernig gerir hann það?
5. Er nemendum leiðbeint um hvernig hægt sé að geta sér til um áframhaldið?
6. Er nemendum bent á það sem þeir hafa lesið áður eða hafa þegar reynslu af?

Ég skráði jafnóðum allt sem fram fór og notaði listann til að hjálpa mér að greina aðalatriðin. Einnig ræddi ég við þrjá nemendur, alla í 7. bekk, um þær aðferðir sem þeir nota við lesturinn og hvort þeim hefðu verið kenndar sérstakar aðferðir við lestur til að auka skilning sinn.

### **1.3 Ástæða fyrir vali á viðfangsefni**

Í aðalsnámskrá grunnskóla segir að við lok 7. námsárs eigi nemandi að:



- Geta lesið sér til gagns og vera orðin vel læs á nytjatexta af ýmsu tagi m.a. að:
  - ✓ Hafa öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða
  - ✓ Geta gert sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
  - ✓ Geta safnað upplýsingum úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu, valið úr þeim og túlkað þær
  - ✓ Geta unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum
- Geta lesið sér til ánægju og lesið afþreyingarbækur að eigin frumkvæði m.a. að:
  - ✓ hafa lesið nokkrar bækur ætlaðar sínum aldri og geta sagt frá skoðun sinni á efni þeirra
- Geta lesið laust og bundið mál áheyrilega m.a. að:
  - ✓ Lesa upphátt og skýrt og á blæbrigðaríkan hátt á viðeigandi hraða.<sup>2</sup>

Þegar litið er til niðurstaðna PISA og PIRLS rannsóknanna, sem áður var minnst á og verður kynnt nánar hér á eftir, er ljóst að þessi markmið sem þarna koma fram í námskránni hafa ekki náðst. Þær spurningar sem þá vakna varða annars vegar það hvaða ástæður liggja þar að baki; hvers vegna ná nemendur ekki þeirri færni sem ætlast er til, samkvæmt námskránni, og hvaða leiðir eru færar til að bæta úr því?

---

<sup>2</sup> Menntamálaráðuneytið (1999: vefsíða).

## 2. PISA og PIRLS-kannanir

Námsmatsstofnun tekur þátt í PISA á vegum OECD. Rannsóknin er styrkt og unnin í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Gagnasöfnun í þeirri rannsókn einskorðast við 15 ára nemendur og miðar að því að meta lestrarfærni nemenda og svokallað stærðfræði- og náttúrufræðilæsi. Niðurstöðurnar úr PISA gagnast best til að skoða stöðu í þessum námsgreinum við lok grunnskólanáms í samanburði við aðrar þjóðir. PISA rannsóknir fóru fram í læsi árið 2000, í stærðfræði árið 2003, í náttúrufræði árið 2006 og læsi árið 2009.

Í PIRLS er sjónum beint að samanburðarhæfum upplýsingum um læsi 9 ára barna. Rannsóknin beinist sérstaklega að þeim þáttum, heima og í skóla, sem hafa áhrif á lestrarnám og lestrarfærni. Með því að beina athyglinni að læsi barna eftir nokkurra ára lestrarnám gefst tækifæri til að bregðast við niðurstöðum á annan hátt en við lok grunnskólanáms.

PIRLS er námsefnis- og námsskrártengd og jafnframt er leitast við að meta áhrif mismunandi kennsluaðferða í lestri. Þetta er ekki raunin í PISA. Jafnframt er fræðileg nálgun á lestrarferlinu með öðrum hætti í PIRLS en PISA (sbr. fræðilíkon rannsóknanna tveggja). Þessar tvær rannsóknir bæta því hvor aðra upp.

Með almennu orðalagi má segja að í PISA beinist athyglin að því að tengja læsi ungmenna við lok skyldunáms við kröfur um læsi á vinnumarkaði. Í PIRLS beinist athyglin að þeim skilum í námi barna þegar þau hætta að læra að lesa og fara að nota lestrarfærni sem tæki til að takast á við aðrar námsgreinar.

Það er mjög eftirsóknarvert að taka þátt í báðum rannsóknunum. Með því fæst fræðilega áhugaverður samanburður á milli rannsóknanna tveggja en ekki síður upplýsingar sem geta nýst kennurum og fræðslufirvöldum til að bæta lestrarnám barna. Flestar þær þjóðir sem taka þátt í PISA taka einnig þátt í PIRLS.<sup>3</sup>

### 2.1 PISA Þróunin á árunum 2000 – 2006

Mikil breyting hefur orðið á færni íslenskra nemenda frá árinu 2000 þegar lesskilningur var nokkuð yfir meðaltali OECD-ríkjanna en árið 2006 var hann töluvert undir því. Frá árinu 2000 til 2006 hefur lesskilningi íslenskra nemenda hrakað marktækt eða um 22 stig á kvarða PISA. Breytingin á lesskilningi er því mikil á þessum stutta tíma sem sést skýrt þegar staða íslenskra

---

<sup>3</sup> Námsmatsstofnun (2000: vefsíða).

nemenda er borin saman við nemendur í löndum sem hafa tekið þátt öll árin en það eru alls 31 lönd. Árið 2000 var meðallesskilningur í átta af þessum löndum hærri en á Íslandi en árið 2006 var hann hærri í 15 þeirra. Fjöldi landa með meiri meðallesskilning hefur þannig tvöfaldast á sex árum. Á þessum tíma hefur lesskilningi í OECD-löndunum hrakað um sex stig. Á heimsvísu hefur lesskilningnum hrakað um 11 – 45 stig á PISA-kvarðanum af þeim löndum sem hafa verið með öll árin eða 31 samtals. Í 17 löndum hefur lesskilningur hins vegar aukist um 11 – 33 stig. Hann hefur haldist óbreyttur í 10 löndum.<sup>4</sup>

## **2.2 PIRLS 2006 – Alþjóðleg samanburðarrannsókn á lestrarfærni 10 – 11 ára barna**

Viða voru kynntar niðurstöður í alþjóðlegu lestrarrannsókninni PIRLS (Progress in International Reading Literacy Study) haustið 2007. PIRLS er ein viðamesta rannsókn í heimi á lestri grunnskólabarna og nær til 40 landa.<sup>5</sup>

Rannsóknin beinist að þremur þáttum lestrar, þ.e.

- Lesleikni, að geta lesið og nýtt sér texta
- Lestri texta af ólíkum toga, bókmenntatexta og upplýsingatexta
- Lestrarvenjum og viðhorfi til lestrar

Rannsóknin er gerð á fimm ára fresti og verður þannig í framtíðinni. Árið 2001 voru þátttökulönd 35 en eru nú orðin 40. Það voru 28 lönd sem tóku þátt í báðum rannsóknum. Með því að gera langtímarannsókn eða bera saman niðurstöður nokkurra rannsókna er hægt að skoða breytingar sem verða á öllum þeim þáttum sem mældir eru, svo sem lesleikni, lestrarvenjum og einnig kennsluáferðum og námskrám.

Árið 2001 var eingöngu prófað í 4. bekk á Íslandi en árið 2006 var sú ákvörðun tekin að prófa bæði 4. og 5. bekk. Ástæðan fyrir breytingunni var sú að árið 2001 voru íslenskir þátttakendur hálfu ári yngri en þátttakendur í hinum löndunum. Aldursmunurinn byggðist eingöngu á mismunandi skólakerfum. Þetta þótti óhagstætt fyrir niðurstöður íslenskra barna. Helstu niðurstöður voru:

---

<sup>4</sup> Menntamálaráðuneytið. *Skýrsla Menntamálaráðherra um framkvæmd skólahlads í grunnskólum skólaárin 2004 – 2005, 2005 – 2006 og 2006 – 2007.* (2009: vefsíða).

<sup>5</sup> Menntamálaráðuneytið (2009: vefsíða).

- Nemendur í 5. bekk á Íslandi eru í tíunda sæti í lesleikni með meðalaldur rétt ofan við alþjóðlegt meðaltal og eru með besta árangurinn á Norðurlöndum.
- Nemendur í 4. bekk á Íslandi eru rétt ofan við alþjóðameðaltal í lesleikni en eru um hálfu ári yngri en nemendur þátttökulanda að meðaltali.
- Frammistaða íslenskra nemenda er á heildina lítið sem næst óbreytt á milli ára 2001 og 2006 þótt vægar vísbendingar séu um að frammistaðan sé að verða lakari.
- Á Íslandi ná aðeins 3% nemenda hæsta hæfnisþrepi og 6 % þeirra ná ekki lágmarksþrepi í lesleikni.
- Meðaltal stúlkna í lesleikni er hærra en meðaltal pilta í öllum þátttökulöndum. Kynjamunur er frekar mikill á Íslandi.
- Árangur íslenskra nemenda í lestri bókmenntatexta er orðinn marktækt lakari miðað við rannsóknina árið 2001. Þetta er fyrst og fremst hjá piltum. Hins vegar hefur ekki orðið marktæk breyting á árangri í lestri upplýsingatexta á milli ára.
- Menntun foreldra tengist lesleikni barns þeirra þannig að frammistaða er betri hjá börnum menntaðra foreldra.<sup>6</sup>

Af niðurstöðum bæði í PISA og PIRLS má sjá að við megum ekki sofna á verðinum. Það er greinilegt að íslenskum grunnskólabörnum fer aftur í lestrinum og er þess vegna ekki úr vegi að skoða þær aðferðir sem íslenskir grunnskólakennarar nota til að aðstoða nemendur sína við lesskilning.

---

<sup>6</sup> Menntamálaráðuneytið (2009: vefsíða).

### 3. Brjóstvit eða fræði

Árið 2003 samdi Jarþrúður Ólafsdóttir meistaraprófsverkefnið *Brjóstvit eða fræði*.<sup>7</sup> Þetta verkefni var rannsókn á kennsluaðferðum kennara til eflingar lesskilningi á miðstigi í grunnskólum, þ.e. 5. – 7. bekk á Austurlandi, frá Vopnafirði í norðri að Breiðdalsvík í suðri. Rannsóknina framkvæmdi hún á þann hátt að sendir voru spurningalistar til kennara, bæði umsjónarkennara og annarra kennara. Einnig tók hún viðtöl við fimm kennara.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að bæta þurfi þekkingu kennara á lesskilningi og á þeim kennsluaðferðum sem eflt geta þann þátt íslenskukennslunnar. Kom í ljós að almennt þekkjast kennarar ekki sérstakar kennsluaðferðir og beita ekki markvisst þeim aðferðum sem þeir þó nota, sem að mestu eru ómeðvitaðar. Lítil munur var á kennsluaðferðum menntaðra kennara annars vegar og leiðbeinenda hins vegar til eflingar lesskilnings.

Mest er notuð sú aðferð að skýra ókunnugleg orð, draga saman aðalatriði og finna meginhugmyndir í texta. Algengast er að kennarar spyrji nemendur spurninga úr texta og leggi fyrir skrifleg verkefni en minnst nota þeir þá aðferð að fá nemendur til að raða saman textabútum í merkingarbæra heild. Margir kennarar virðast nota þá aðferð að virkja fyrri þekkingu nemenda á viðfangsefninu áður en lesið er en mjög sjaldgæft er að kennd sé sú aðferð að hugsa upphátt á meðan lesið er. Mjög sjaldgæft er að kennarar fái nemendur til að spyrja sjálfa sig spurninga úr texta á meðan lesið er.

Ef við skoðum nánar niðurstöður rannsóknar Jarþrúðar þá sjáum við að 92% þátttakenda töldu að íslenskir grunnskólakennarar þörfuðust aukinnar þekkingar á lesskilningi og 97% þátttakenda töldu að grunnskólakennarar þörfuðust aukinnar þekkingar á kennsluaðferðum til að efla lesskilning barna og unglunga.

Kennarar sem rætt var við í rannsókninni voru sammála því að lítil áhersla væri á sköpun lestrarumhverfis í 7. bekk og að frekar væri það gert í yngri bekkjum.

Jarþrúður veltir vöngum yfir því hvort ekki sé nægilegt framboð á námskeiðum um lestur sem henti kennurum á miðstigi á Austurlandi en segir þó að árlega hafi verið haldin námskeið um lestur sem hafi verið sótt af kennurum yngri barna. Einnig finnst Jarþrúði athyglisvert hve

---

<sup>7</sup> Jarþrúður Ólafsdóttir. (2005). *Brjóstvit eða fræði*. Óútgefin meistaraprófsritgerð við Kennaraháskóla Íslands.

margir svara ekki spurningum um kennsluaðferðir sínar og veltir því fyrir sér hvort það sé vegna þess að þeir séu ekki meðvitaðir um hvaða aðferðum þeir beita við kennsluna.

Eftir að hafa lesið rannsókn Jarþrúðar Ólafsdóttur lék mér forvitni á að vita hvort sama væri uppi á teningnum hér á Höfn í Hornafirði þar sem við erum í Kennarasambandi Austurlands en rannsóknin náði ekki hingað. Grunur minn var staðfestur, mjög svipaðar leiðir eru farnar hér. Rannsókn Jarþrúðar Ólafsdóttur er unnin á allt annan hátt en rannsókn mín og er hennar rannsókn gerð í 5. – 7. bekkjum en mín í 7. – 8. bekkjum.

## 4. Hvað er til ráða?

Lestur þróast með einstaklingnum frá unga aldri og fram á fullorðinsaldur. Lestur er þá sennilega lífslangt ferli. Rétt er að hugsa um að lestur og lestrarfærni er mjög tengt menningu þjóða og samfélagsgerð. Í mörgum löndum eru aðstæðurnar enn á þann veg að aðeins hluti þegnanna kann að lesa.

Skilningur er þungamiðja lesturs og rannsóknir hafa sýnt að lesskilningur getur eflst við beina kennslu og þjálfun á aðferðum sem hjálpa nemendum að skipuleggja og ná merkingu á meðan hann les. Lesendur efla lesskilning sinn þegar þeir tengja hugmyndir sem koma fram í texta við þekkingu sína og mynda sér sína eigin hugmynd sem þeir geyma svo í minni sínu. Það er mitt mat að ef lesskilningi hrakar eins og raun ber vitni þá muni mörgum öðrum námsgreinum hraka sem því nemur þar sem lesskilningurinn er undirstaða alls náms, bæði í grunnskólum sem og menntaskólum og háskólum.<sup>8</sup>

Niðurstöður fræðimanna sem rannsakað hafa lesskilning síðustu áratuginna má taka saman og segja að það séu annars vegar eiginleikar lesandans sjálfs, þekking hans og færni og hins vegar ytri aðstæður sem eru áhrifavaldar í lesskilningi hvers einstaklings. Til ytri þátta teljast eiginleikar texta annars vegar og hins vegar aðstæður lesandans.<sup>9</sup>

Leikni í lestri byggist á þroska nemenda og því hvernig margir færniþættir vinna saman. Einn þessara þátta er skilningur á merkingu orða og sambandi þeirra við hugmyndir og hugtök. Þegar nemendur öðlast nýja þekkingu má ætla að annað hvort falli hin nýja þekking að þeim þekkingarbrunni sem nemendur þá þegar búa yfir eða að hin nýja þekking leiði til þess að nemendur skilji hlutina upp á nýtt og þurfi þar af leiðandi að endurskipuleggja sína fyrri þekkingu.<sup>10</sup>

Allir lesarar þurfa að læra að:

- Nýta sér bakgrunnsþekkingu
- Beita ályktunum

---

<sup>8</sup> „Lesið til að læra“. *Vefur þróunarverkefnis grunnskólans í Skagafirði*. (án höfundar)(2008:vefsíða)

<sup>9</sup> Anna Guðmundsdóttir (2007: vefsíða).

<sup>10</sup> Grunnskólinn á Blönduósi. *Áfangaskýrsla* (2004: vefsíða).

- Sundurgreina aðalatriði og aukaatriði
- Endurtaka/umorða
- Spyrja sig spurninga
- Stjórná eigin námsferli með því að spyrja: Skil ég textann?
- Ákveða orsök og afleiðingu
- Greina efnið
- Meta efnið
- Draga saman niðurstöður
- Gera greinarmun á staðreyndum og hugmyndum
- Bera kennsl á áróður<sup>11</sup>

Ég vil benda á nokkrar aðferðir við kennslu lesskilnings sem hægt er að nota til þess að ná þessum markmiðum.

#### 4.1 Orð af orði

Undanfarin ár hefur Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri verið að þróa verkefni sem heitir *Orð af orði*. Meginmarkmiðið með þessari þróunarvinnu er að auka skilning í lestri og námi með því að efla orðaforða og orðvitund, koma kennslu nýrra orða inn í hefðbundna kennslu og að það verði fastur liður í kennslu allra námsgreina. Unnið er með ákveðna hugmyndafræði en kennarar þróa eða laga hana að sinni eigin kennslutækni.

Fylgni er mikil á milli lesskilnings og orðaforða. Rannsóknir sýna að marktæk fylgni er á milli markvissrar orðaforðakennslu og námsárangurs. Talið er að rýr orðaforði sé ein helsta ástæða þess að lesskilningur og námsárangur nemenda er slakur. Með orðaforðakennslu er ætlað að auka lesskilning; markmiðið er að nemendur auki orðaforða sinn og efli hæfni sína til að ráða í merkingu orða, nýti orðasafnið á fjölbreyttan hátt og efli þannig skilning.

Helstu aðferðir sem Guðmundur Engilbertsson hjá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri bendir á eru:

- Bein kennsla, þar fá nemendur skilgreiningar og útskýringar á einkenum orða.

---

<sup>11</sup> Steinunn Torfadóttir (e.d.: vefsíða).



- Óbein kennsla, þar lesa nemendur mjög mikið og koma sér upp orðaforðasafni og læra að draga ályktanir, t.d. yndislestur.
- Margmiðlunaraðferðir, ýmsar leiðir notaðar til að vinna með texta, t.d. hugtakakort og upplýsingatækni.
- Hæfniaðferðir, þær fela í sér aukna lestrarhæfni og nemendum eru kenndar aðferðir til að læra orð og efla orðaforða, s.s. með aðferðum gagnvirks lesturs.
- Tengingaraðferð, nemendum er kennt að tengja á milli þess sem þau þekkja og vita fyrir og þess nýja sem þau þekkja ekki.<sup>12</sup>

## 4.2 Gagnvirkur lestur

Þær sem fyrst komu með hugmyndir um gagnvirkan lestur voru þær Ann L. Brown og Annemarie S. Palincsar. Rannsóknir þeirra leiddu í ljós að með þessari aðferð er hægt að bæta lesskilning verulega. Þær settu saman þá fjóra þætti sem þóttu til þess fallnir að kenna nemendum að auka skilning sinn. Valið byggðu þær á leiðum sem reyndir, góðir lesarar beita en slakir lesarar hafa sjaldan eða ekki á valdi sínu.

Skipulag gagnvirks lestur er eftirfarandi:

- Kennarinn á að vera nemendum fyrirmynd og sýna hvernig æskilegar aðferðir eru notaðar. Þannig gerir hann aðferðir sem góðir lesarar beita sýnilegar, skýrar og raunhæfar.
- Kennarinn á að nota aðferðirnar í viðeigandi samhengi, ekki sem einangraða færniþætti.
- Gera á nemendum grein fyrir þörfinni í að beita skipulögðum vinnubrögðum.
- Nemendur eiga að finna að þeir hafi gagn af aðferðunum.
- Ábyrgðin á að beita aðferðunum færast smátt og smátt til nemenda.
- Endurgjöf til nemenda þarf að einstaklingsmiða, þannig að hún hvetji þá til að stíga stöðugt einu skrefi nær betri árangri.<sup>13</sup>

<sup>12</sup> Guðmundur Engilbertsson. Aníta Jónsdóttir. (2008). *Orð af orði. Glærur.* (2008: vefsíða).

<sup>13</sup> Anna Guðmundsdóttir (2007: vefsíða).

Það er fjögurra þátta kennsla sem gagnvirkur lestur felur í sér. Kennslan fer oftast fram í hópakennslu. Helstu þættir námsins eru:

- ✓ Að taka saman meginatriði efnisins
- ✓ Að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- ✓ Að leita skýringa þegar skilningur brestur eða eitthvað er óljóst
- ✓ Að spá fyrir um framhald texta<sup>14</sup>

### 4.3 Hugtakakort

Sumir eiga í erfiðleikum með að tengja námið við fyrri þekkingu sína enda er hugsun flókið ferli og hugsanir fylgja oft ekki „rökréttri röðun“. Þær flæða frekar eða fara einhverjar krókaleiðir og tengjast svo aftur meginhugmyndum. Þegar nemendum tekst að skipuleggja hugsanir sínar þannig að þær nái fyrri þekkingu þegar þeir þurfa á að halda, aukast skilyrði fyrir bættan námsárangur. Margir þurfa aðstoð við að þróa leiðir til að nálgast þekkingu og vinna úr henni og þess vegna er nauðsynlegt að kenna nemendum aðferðir við að skipuleggja og vinna með hugsanir sínar.


Hugtakakort (concept mapping) er ein þeirra aðferða sem þykja henta vel í þessum efnum. Ýmsar rannsóknir sýna að hugtakakort hjálpa nemendum að víkka skilning sinn á náminu og með þeim er oft auðveldara að vinna gegn misskilningi og skilningsleysi á viðfangsefnum, auðveldara heldur en ef notaðar eru hefðbundnar kennsluáferðir<sup>15</sup>

Hugtakakort er tækni við að skrá og sýna fram á þekkingu og skilning á myndrænan hátt. Hugtök eru sett í reiti sem ýmist eru hringir eða ferhyrningar og einnig eru þeir oft í mismunandi litum. Tengilínur á milli reitanna sýna fram á tengsl hugtakanna. Grunnhugtakið er ýmist sett í miðju eða efst og öll hugtök sem falla að grunnhugtakinu er tengt við. Ytra formið getur tekið á sig form stigskiptingar eða hrings. Þetta er afar hentugt mörgum nemendum við að skilja betur viðfangsefni og lesefni sem þeim fylgja.


---

<sup>14</sup> Anna Guðmundsdóttir (2007: vefsíða).

<sup>15</sup> Sungur Semra, Ceren Tekkaya og Ömer Geban (2001: 91-101). Romance, Nancy R. og Michael R. Vitale (1999:74-79).



Mynd 1. Sýnishorn af hugtakakorti.



Mynd 2. Sýnishorn af hugtakakorti

#### 4.4 Kann – vil vita – hef lært

*Kann – vil vita – hef lært* er aðferð sem hefur reynst mjög vel til að virkja nemendur til að hugsa um fyrri þekkingu sína á lesefninu. Áður en byrjað er að lesa fá nemendur eyðublað með þremur dálkum. Í fyrsta dálkinn sem merktur er *kann* setja þeir allt sem þeir vita þegar um efnið sem lesa skal. Þegar því er lokið þá skrifa þeir í næsta dálk *vil vita* þær spurningar sem þeir hafa um efnið. Í síðasta dálkinn *hef lært* skrifa þeir svo þá þekkingu sem þeir hafa fengið með lestrinum. Þessa aðferð er hægt að nota með öllum börnum grunnskólans, allt frá yngsta stigi og að unglिंगastigi. Ef þessi aðferð er notuð á unglिंगastigi má setja inn einn aukadálk sem gæti heitið þá *viðbót* og þar væru skráð hvar hægt væri að leita viðbótarupplýsinga um viðfangsefnið.<sup>16</sup>

#### 4.5 Litið til framtíðar

Mjög mikilvægt er fyrir kennara að gera sér grein fyrir því sem framundan er hjá nemendum í lestri og þurfa kennarar að undirbúa nemendur fyrir það. Athuga þarf hvað nemendur þurfa að kunna að lesa í áframhaldandi námi og í sínu daglega lífi sem fullorðið fólk. Allir þurfa að kunna að lesa texta í tölvum, fræðiefni, fagurbókmenntir og margt fleira.

Ef mikið er lesið þá verður tæknihið lestrarins meiri og hún verður nánast sjálfkrafa, lesarinn fer að þekkja orðhluta, orð og setningar í stað einstakra bókstafa í upphafi. Þá hefst það ferli að sá sem les kynnist sífellt fleiri hugtökum og hugmyndum sem ekki tengjast fyrri reynslu hans. Lestarþróun er viðvarandi en þróunin felur í sér að tengja þessa nýju þekkingu við þá fyrri og skilja þannig það sem lesið er.

Íslenskir grunnskólakennarar þurfa sífellt að hafa þessa þróun í huga og reyna að leiðbeina nemendum sínum hvernig best er að ná þessu ferli, ekki aðeins á fyrstu árum skólagöngu heldur alla leiðina upp grunnskólann.

Í bók þeirra Camille Blachowicz og Donna Ogle, *Reading comprehension, Strategies for Independent Learners*, er sýnt hvernig hægt er að þróa lesskilning frá yngsta stigi og að stúdentsprófi með því að auka orðaforða og orðgreiningu. Hér á eftir má sjá töflu sem sýnir hvernig hægt er að vinna með þróunina í grunnskólanum.

---

<sup>16</sup> Jarprúður Ólafsdóttir, „Þjálfun lesskilnings“. (2006:vefsíða)

### Tafla 1. Orðgreining og orðaforði

A. Nota orðgreiningu og orðaforða til skilnings.

Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig
1.A. 1a Lesa og um leið greina og finna orð til að kynnast nýjum orðum.	1.A. 1b Læra og skilja óalgeng orð, nota rætur orða og uppruna þeirra. Samheiti og andheiti.	1.A. 1c Finna merkingu orða úr uppruna þeirra. Efla skilning á orðum t.d. í vísindum, sögu og stærðfræði.
1.A. 2a Skilningur óalgengra orða með því að vísa til samhengis og fyrri þekkingar	1.A 2b Útskýra merkingu og samhengi orða með fjölbreyttum aðferðum t.d.úr íslenskum orðabókum, og samheitaorðabókum	1.A 2c Greina merkingu orða og orðasambanda í samhengi við viðfangsefnið.

### Tafla 2. Aukinn skilningur og orðaforði

B. Aðferðir til að auka skilning og orðaforða í lestri.

Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig
1.B. 1a Staðfesta tilgang lesturs. Gefa hugmyndir. Tengja textann við fyrri reynslu og þekkingu	1.B 2a Staðfesta tilgang lesturs. Skoða efni, spyrja spurninga, tengja, útskýra og gefa öðrum hugmyndir.	1.B 3a Sýnishorn af lesefni. Umfjöllun og segja frá því sem lesið hefur verið til að gefa öðrum hugmyndir.

2.B 1b Þekkingu efni, þróun og tilgang. T.d. Munur á skáldskap og öðru, ljóð og vísindaskáldskapur.	2.B 2b Þekkingu uppbyggingu og samsetningu orða. Þ.e. lýsingu, andheiti/samheiti, áhrif og samhengi í öðru en skáldskap.	2.B 2c Þekkingu uppbyggingu texta og sýna fram á þekkingu á túlkun hans þ.e . bæði í máli og myndum.
3.B 1c Áframhaldandi útskýringar við skilning. Lesa aftur, lesa lengra og meira. Nota sýn og samhengi. Spyrja spurninga og nota önnur orð með sömu merkingu.	3.B 2c Áframhaldandi útskýringar við skilning. Þ.e. viðbót við fyrri þekkingu. Útskýra iðorðafraeðina, leita eftir viðbótar upplýsingum.	3.B 3c Áframhaldandi útskýringar við lesskilning, þ.e. viðbót við fyrri skilning. Gera samanburð á öðrum lestri.
4. B 1d Lesa aldursmiðað efni upphátt með flæði og nákvæmni.	4.B 2d Lesa aldursmiðað efni upphátt með flæði og nákvæmni.	4.B 3d Lesa aldursmiðað efni upphátt með flæði og nákvæmni.

### Tafla 3. Allskonar lestur

#### C Skilningur á allskonar lestri.

Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig
1.C 1a Nota upplýsingar til að búa til spurningar og sannreyna þær	1.C 2a Nota upplýsingar til að búa til spurningar og sannreyna þær	1.C 3a Nota upplýsingar til að búa til spurningar, útskýra og styðja spurningarnar og sannreyna þær
1.C 1b Læra að greina aðalatriðin í textanum.	1.C 2b Gera ályktun og túlka aðalatriðin.	1.C 3b Túlka og greina alla frásögnina, mismunandi sjónarhorn og aðalatriði.
1.C 1c Gera samanburð á lestri.	1.C 2c Gera samanburð og finna andstæður í textanum.	1.C 3c Gera samanburð og finna andstæður. Meta

		hugmyndir og upplýsingar úr ýmsum áttum.
1.C 1d Draga saman innihald textans (t.d. sögur og vísindi)	1.C 2d Draga saman fullyrðingar og tilgang textans	1.C 3d Draga saman fullyrðingar og tilgang textans
1.C 1e Þekkja hvernig textahöfundar og myndlýsasar tjá hugmyndir sínar í máli og mynd.	1.C 2e Þekking á hvernig textahöfundar og myndlýsasar tjá hugmyndir sínar og sjónarmið. Skoða blæbrigði og samlíkingar.	1.C 3e Bera saman hvernig textahöfundar og myndlýsasar tjá hugmyndir sínar sem birtast
1.C 1f Túlka upplýsingar og setja fram í einföldum töflum, kortum og myndum.	1.C 2f Túlka upplýsingar og setja fram í töflum, kortum og myndum og tengja við ritað mál.	1.C 3f Túlka upplýsingar og setja fram í töflum, kortum og myndum og tengja við ritað mál.

17

---

<sup>17</sup> Blachowicz Camille og Ogle Donna (2008:15).

## 5. Eigindleg rannsókn

Rannsóknin var unnin með eigindlegum rannsóknaraðferðum. Hitchcock og Hughes (1995) segja að hin mannlega hegðun sé best skilin með því að skoða manninn í náttúrulegu umhverfi hans og það að skilja vel aðstæður hverju sinni. Af því leiðir að best þykir að nota eigindlegar rannsóknaraðferðir þegar skoða skal dýptina í leit að þekkingu á þjóðfélagslegu fyrirbæri. Ef lítið er vitað fyrirfram um það svið sem verið er að rannsaka geta eigindlegar rannsóknaraðferðir gagnast vel og oft eru þær aðferðir notaðar þegar þörf er á upplýsingum um eitthvert tiltekið málefni á skjótan hátt.<sup>18</sup>

Margar aðferðir eru notaðar við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Má þar nefna:

- Þjóðháttufræði, þar sem lýst er menningarhópi. Þar er aðallega athuganir og viðtöl tekin.
- Tilviksathuganir, þar sem alls konar gagnaöflun fer fram frá mörgum hliðum
- Fyrirbærafræði, þar sem tekin eru viðtöl (framlengd) við allt að 10 einstaklinga, við greiningu þeirra gagna eru allskonar og almennar lýsingar skoðaðar o.fl.
- Kenningar byggðar á rannsóknargögnum. Þá er verið að taka viðtöl við 20 – 30 þátttakendur og á eftir eru settar fram kenningar eða fullyrðingar við niðurstöður.

### 5.1 Aðferð

Bekkirnir sem ég skoðaði eru þrír. Í árgangi 8. bekkjar eru fáir og þeir eru allir saman í einni bekkjardeild, alls 26 nemendur. Árgangurinn fyrir neðan, þ.e. 7. bekkir eru töluvert fleiri og telja samtals 37 nemendur og er þeim skipt í tvær bekkjardeildir, 19 í annarri og 18 í hinni. Í 7. bekkjum er einn umsjónarkennari í hvorum bekk sem kennir allar greinarnar sem ég skoðaði, þ.e. samfélagsfræði og íslensku, en í 8. bekk er einn umsjónarkennari sem eingöngu kennir þeim náttúrufræði en aðrir kennarar koma inn í samfélagsfræði og íslensku.

Kennarar 7. bekkja eru tveir; kvenmaður, útskrifaður frá Kennaraháskóla Íslands, og karlmaður sem útskrifast núna í vor frá Háskóla Íslands, Menntavísindasviði. Í 8. bekk er umsjónarkennarinn kvenmaður sem útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands, íslenskukennarinn,

---

<sup>18</sup> Þuríður Jóhannsdóttir. *Réttmæti og áreiðanleiki*. (2009:vefsíða)



karlmaður útskrifaður frá Kennaraháskóla Íslands og samfélagsfræðikennarinn er leiðbeinandi með B.s. gráðu frá Háskóla Íslands í ferðamálafræði.

Þeir þrír nemendur sem ég tók viðtal við voru misjafnlega staddir námslega og var það gert til að skoða hvort aðferðir þeirra væru misjafnar.

## **5.2. Vettvangur**

Grunnskóli Hornafjarðar telur 308 nemendur. Skólinn er starfræktur í tveimur húsum; í Hafnarskóla er 1. – 6. bekkur, 171 nemendur og í Heppuskóla er 7. – 10. bekkur, 137 nemendur. Í skólanum stunda flestallir nemendur úr Austur Skaftafellssýslu nám, undantekning á því eru nemendur í 1. – 8. bekk í Öræfum. Fjöldi starfsmanna er 57.

Bekkirnir eru ólíkir að mörgu leyti, í einum bekkjanna var mjög erfitt að fá vinnufrið til að hefja kennsluna en í hinum voru meiri rólegheit. Nemendur sátu yfirleitt þrír saman við eina borðaröð. Viðtöl við nemendur tók ég í rólegheitum inn á skrifstofu sem mér var fengin til umráða á meðan viðtölum stóð.

## **5.3. Gagnasöfnun**

Ég hóf rannsóknarvinnu mína í mars 2010 og fór í nokkrar kennslustundir í fyrrnefndum bekkjum með nokkurra daga millibili fram í byrjun apríl 2010.

Settur var upp spurningalisti til að styðjast við í rannsóknarvinnunni og leitaði ég svara við spurningunum. Ég sat yfirleitt aftast í bekknum og litla truflun tel ég hafa verið af veru minni þar inni. Taka má fram að flestir nemendanna þekkja mig og kippa sér því hugsanlega lítið upp við viðveru mína í kennslustundum. Hins vegar er ljóst að það hlýtur að alltaf að hafa einhver áhrif þegar utanaðkomandi manneskja er inni í kennslustund, bæði á kennara og nemanda, þótt slík áhrif séu kannski illgreinanleg.

Ég skráði hjá mér þau atriði sem mér fannst skipta máli í rannsókninni en ræddi aldrei við kennarana um það sem ég var að gera, til að allt færi fram á þann veg sem eðlilegast væri. Ég mætti tvisvar í náttúrufræði í 8. bekk, tvisvar í samfélagsfræði í 8. bekk og einu sinn í íslensku í sama bekk. Þremur kennslustundum varði ég í samfélagsfræði í 7. bekk og einni í íslensku í 7. bekk. Ég ræddi við þrjá einstaklinga úr 7. bekk um þær aðferðir sem þeir nota við lestur námsbóka. Viðtölin voru hálfstöðluð og reyndi ég að hafa andrúmsloftið eins afslappað og unnt

var og spurði opinna spurninga og gerði ég mér þannig meiri von um betri og ýtarlegri svör en ella.

#### 5.4. Greining gagna

Eftir að vettvangsrannsókn minni var lokið hófst ég handa við að greina þau gögn sem ég hafði. Trúverðugleiki rannsóknarinnar tel ég að væri meiri ef ég hefði mætt í fleiri kennslustundir en ég tel trúverðugleika hennar samt töluverða. Ekki er hægt að alhæfa um kennara yfirleitt í Grunnskóla Hornafjarðar eftir þessa rannsókn en ég tel góða möguleika á að hægt sé að sjá vísbendingar sem hægt er að vinna áfram út frá.

#### 5.5 Niðurstöður

Hér á eftir verður sagt frá þeim leiðum sem kennararnir notuðu og stuðst verður við þær spurningar sem notaðar voru við rannsóknina. Kennarar eru hér númeraðir frá 1 – 5 og athuga skal að kennarar eru ekki alltaf með sömu númer sem gert er til að halda leynd.

1. *Hvernig vekur kennari áhuga nemenda sinna á því sem á að lesa?*

**Kennari 1.** Engar umræður um það sem lesa skal en lesturinn á sér stað um leið og hlustun á sama efni, þ.e. lesið er upphátt fyrir nemendur

**Kennari 2.** Búið var að vinna með efni kaflans áður svo hægt var að hefja vinnuna strax. Kennarinn rifjar upp efni kaflans.

**Kennari 3.** Svolítill umræða um efni kaflans og áhugi vakinn á efninu.

**Kennari 4.** Hópavinna, dregið í hópa og nemendum tilkynnt hvað gera skal. Nemendum ætlað að lesa sér til og finna heimildir.

**Kennari 5.** Hópavinna með kennara 4.

2. *Hvernig leiðbeinir kennari nemendum með að lesa það sem lesa á? Er farið í hugtök, orðaforða eða annað sem hjálpar nemendum að ná efninu?*

**Kennari 1.** Nemendum afhent dreifildi með upplýsingum um það sem ætlast er til af þeim. Í dreifildinu eru opnar spurningar sem nemendum er bent á að lesa og velta fyrir sér áður en lesturinn byrjar.

**Kennari 2.** Spurningar kynntar sem svara skal eftir lesturinn.

**Kennari 3.** Samlestur í byrjun og hugtök skrifuð upp á töflu. Hugtökin eru svo skýrð út og nemendur skrifa þau niður. Í framhaldinu er nemendum skipt í hópa og hóparnir látnir fá nokkur hugtök hver og síðan gerir hver hópur veggspjald með útskýringum á hugtökunum sem þeim var úthlutað.

**Kennari 4.** Nemendum afhent dreifildi með upplýsingum um það sem ætlast er til af þeim. Í dreifildinu eru opnar spurningar sem nemendum er bent á að lesa og velta fyrir sér áður en lesturinn byrjar.

**Kennari 5.** Ekkert gert.

*3. Eru búnar til spurningar úr lesefninu og ef svo er hvernig eru þær spurningar? Eru þær opnar, lokaðar, taka á meginefni texta eða er verið að fást við aukaatriði?*

**Kennari 1.** Fer yfir leiðbeiningar hvernig hægt er að leita sér frekari upplýsinga um efnið, síðan eiga nemendur að svara bæði opnum og lokaðum spurningum um aðalatriði textans. Þetta er gert eftir lesturinn.

**Kennari 2.** Nemendur eiga að svara lokaðum spurningum um aðalatriði kaflans. Þetta er gert eftir lesturinn.

**Kennari 3.** Nemendur svara lokaðum spurningum ásamt kennara sínum að loknum lestri. Kennarinn útskýrir mörg hugtök og orð við vinnuna.

**Kennari 4.** Opnar spurningar gerðar fyrir lesturinn til að gera sér betur grein fyrir efninu.

**Kennari 5.** Opnar spurningar gerðar fyrir lesturinn til að gera sér betur grein fyrir efninu.

*4. Fer kennari yfir aðalatriði textans og ef svo er hvernig?*

**Kennari 1.** Ekkert gert.

**Kennari 2.** Hjálpar nokkrum nemendum á meðan lestrinum stendur.

**Kennari 3.** Segir í örfáum orðum frá innihaldi textans.

**Kennari 4.** Ekkert gert

**Kennari 5.** Ekkert gert

*5. Er nemendum leiðbeint um hvernig hægt sé að geta sér til um áframhaldið?*

**Enginn kennarana fer yfir það hvernig hægt er að geta sér til um áframhaldið.**

*6. Er nemendum bent á það sem þeir hafa lesið áður eða hafa reynslu af?*

**Kennari 1.** Fer í nokkrum orðum yfir þá þekkingu sem þeir hafa af efninu.

**Kennari 2.** Ekkert gert.

**Kennari 3.** Ekkert gert.

**Kennari 4.** Rifjar upp það sem nemendur hafa áður lesið um efnið.

**Kennari 5.** Ekkert gert.

## **5.6 Umræða**

Ef við skoðum nánar þær aðferðir sem notaðar voru þá sjáum við að allir kennarar í 7. og 8. bekkjum Grunnskóla Hornafjarðar, utan tveggja kennara, notuðu spurningar sem nemendum var ætlað að svara eftir lesturinn. Aðeins tveir kennarar voru með opnar spurningar sem hjálpuðu nemendum fyrir lesturinn, en nemendur þeirra áttu að skrifa aðalatriði textans niður. Hitt voru spurningar til að athuga hvort nemendur skildu það sem þeir hefðu lesið. Taka verður samt fram að í nokkrum tilfellum var búið að fara yfir námsefnið áður en ég kom á staðinn en áhugi nemenda virtist ekki vera mikill á námsefninu. Margt gott var gert til aðstoðar nemendum og var sú hjálp mest ómeðvituð, eins og t.d. að rifja upp þá þekkingu sem nemendur hafa fyrir lesturinn, þótt meira hefði mátt gera af því, og að segja frá innihaldi textans þótt það sé gert aðeins í örfáum orðum. Einnig má nefna kynningu á spurningum sem svara skal. Hugtakaskýring eins kennarans var það eina sem telja má markvissa aðgerð.

Það sem vantaði upp á kennsluna var að kennarar vektu betur áhuga nemenda sinna á viðfangsefninu. Hægt hefði verið að skoða það sem nemendur vissu um efnið og vekja áhuga þeirra á því að fræðast meira. Þannig hefði lesturinn getað orðið auðveldari. Opnu spurningarnar í samfélagsfræðinni voru mjög góðar og gáfu nemendum innsýn í það sem lesa skyldi. Meira

mætti gera af því í Grunnskóla Hornafjarðar að skoða námsefnið áður en lesið er. Taka verður fram að í einum bekkjanna var mjög erfitt að koma á vinnufriði og þar af leiðandi erfitt að gefa sér tíma í að vekja áhuga nemenda.

Í viðtölum við börnin þrjú, tvo drengi og eina stúlku úr 7. bekk kom fram að tvö þeirra lesa töluvert af bókum sér til ánægju en eitt mjög lítið. Ég spurði þau hvernig þau færu að ef þau skildu ekki það sem lesið væri og svaraði einn því til að hann læsi bara aftur þar til hann skildi allt, annar sagðist lesa eina setningu og hugsa málið og sá þriðji sagðist biðja um hjálp frá foreldrum eða kennara. Sá síðastnefndi sagðist oft skrifa upp þau orð sem hann ekki skildi og bæði svo um hjálp. Ekkert þeirra sagðist hafa lært neinar aðferðir til að hjálpa sér við lesskilning.

Eftir viðtölin við nemendurna má leiða að því líkum að ekki sé um neina markvissa lesskilningskennslu að ræða í Grunnskóla Hornafjarðar þar sem þessir nemendur hafa alla sína skólagöngu búið á Hornafirði. Samt er ljóst að nemendurnir hafa þróað með sér aðferðir, hvert á sinn hátt, til að skilja það betur sem lesið er. Ósagt skal látið hvort þeim hefur verið leiðbeint um fyrrnefndar aðferðir þeirra, og þeir þá gleymt þeirri kennslu, eður ei.

Þótt rannsóknir okkar Jarþrúðar séu mjög ólíkar í framkvæmd má samt greina svipaða niðurstöðu. Kennarar í báðum rannsóknum nota ekki markvissar aðgerðir við lesskilningskennslu og mest eru notaðar þær aðferðir að skýra út ókunnugleg orð, draga saman aðalatriði og finna meginhugmyndir í texta. Algengast er að kennarar, bæði í rannsókn Jarþrúðar og í minni rannsókn, spyrji nemendur spurninga úr texta og leggi fyrir skrifleg verkefni. Jarþrúður veltir fyrir sér hvort kennarar þarfnist meiri leiðsagnar um aðferðir í kennslu lesskilnings.

Í rannsóknunum tveimur eru athugaðar aðferðir við lesskilningskennslu nánast í öllum skólum á Austurlandi og hugsanlega gæti maður ályktað að svipaðar niðurstöður fengjust af landinu í heild ef það sama yrði rannsakað þar, þótt vitað sé að sumir skólar sinna þessum þáttum í kennslu mjög vel. Til að snúa við þeirri þróun sem fram kemur í PISA og PIRLS rannsóknunum verðum við að nýta okkur þær aðferðir sem skila árangri í betri lesskilningi.

Það er ósk mín að kennarar í Grunnskóla Hornafjarðar komi sér upp stefnu í lesskilningskennslu og að þeir nýti sér einhverjar af þeim markvissu kennsluáðferðum sem fjallað er um hér að ofan. Nauðsynlegt er fyrir Grunnskóla Hornafjarðar að gera sér grein fyrir þeirri þróun sem á sér stað í lestrarferlinu hjá hverjum nemenda og hægt er að styðjast við töfluna úr bókinni *Reading Comprehension* (sjá töflur 1-3) í stefnugærðinni.

## Lokaorð

Af þessum niðurstöðum að dæma er ljóst að lítil sem engin markviss kennslustefna á sér stað á þessu stigi Grunnskóla Hornafjarðar í lesskilningi þegar á heildina er litið. Niðurstöður þessarar rannsóknar virðast gefa sömu vísbendingar og sáust í rannsókn Jarþrúðar Ólafsdóttur, *Brjóstvit eða fræði*, þ.e. að ekki er verið að vinna markvisst í þessum málum, hvorki hér á Hornafirði né annarsstaðar á Austurlandi. Taka þarf tillit til þess að rannsókn sína gerði Jarþrúður árið 2005 og gætu niðurstöður hennar breyst ef rannsóknin yrði gerð aftur núna.

Þar sem niðurstöður PIRLS og PISA kannana sýna ótvírætt að lesskilningi fer aftur þarf að skera upp herör og fara að sinna þessum málum betur. Maður veltir fyrir sér hvað það sé sem veldur. Það er mín skoðun að Háskóli Íslands – Menntavísindasvið sinni ekki þessum þætti nógu vel og vert er að hugleiða hvort þessum þætti í kennslufræði hafi verið betur sinnt á árum áður. Hver einasti kennaranemi ætti að taka námskeið í því að kenna lestur og lesskilning og það haft að leiðarljósi að með betri lesskilningi verður betri námsárangur á öllum sviðum. Til að markmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla sé náð verðum við að beita öllum þeim leiðum sem hægt er til ná settu marki.

Þetta verkefni hefur gagnast mér vel og er ég ákveðin í að notfæra mér þá þekkingu sem ég hef öðlast við vinnu mína við það. Ég er miklu betur í stakk búin til að sinna vinnu minni samkvæmt markmiðum Aðalnámskrá grunnskólanna en áður en ég hóf þessa vinnu og vildi gjarnan miðla þeirri þekkingu áfram til þess skólasamfélags er ég mun starfa í.

# Heimildaskrá.

Aníta Jónsdóttir. (2008). *Orð af orði*. Glæsur. Sótt 15. mars 2010 af:

[http://starfsfolk.khi.is/ingvar/SAS/Lesskilningur/Ord\\_af\\_orði.pdf](http://starfsfolk.khi.is/ingvar/SAS/Lesskilningur/Ord_af_orði.pdf)

Anna Guðmundsdóttir. (2007). *Lesið til skilnings*. Námsgagnastofnun. Sótt 15. mars af:

[http://www.nams.is/lesid\\_til\\_skilnings/lesidtilskilnings\\_klb.pdf](http://www.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf)

Blachowicz, Camille og Donna Ogle. (2008). *Reading comprehension*. New York. The Guilford Press.

Grunnskólinn á Blönduósi. (2004) *Áfangaskýrsla*. Sótt 13. mars 2010 af:

[http://rannsokn.khi.is/upplýsingavefur/pdf/grunn2003/hun/no%20afangaskýrsla\\_04.pdf](http://rannsokn.khi.is/upplýsingavefur/pdf/grunn2003/hun/no%20afangaskýrsla_04.pdf)

Hitchcock, Graham og David Hughes. (1995) *Research and the Teacher. A Qualitative Introduction to School-based Research*. London. Routledge.

Jarþrúður Ólafsdóttir. (2005). *Brjóstvit eða fræði*. Óútgefin meistaraþrófsritgerð við Kennaraháskóla Íslands.

Jarþrúður Ólafsdóttir. (2006). „Þjálfun lesskilnings“. Pistill á vefsíðu Skólaskrifstofu Austurlands. Sótt 1. apríl 2010 af:

[http://www.skolaust.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=62&Itemid=21](http://www.skolaust.is/index.php?option=com_content&task=view&id=62&Itemid=21)

„Lesið til að læra“ (2008). *Vefur þróunarverkefnis grunnskólans í Skagafirði*. (án höfundar)

Sótt 15. mars 2010 af: <http://skolar.skagafjordur.is/lestur/>

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá grunnskólanna 1999*. Sótt 20.febrúar 2010 af:  
<http://bella.stjr.is/utgafur/AGislenska.pdf>

Menntamálaráðuneytið. (2009). *Skýrsla Menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2004 – 2005, 2005 – 2006 og 2006 – 2007*. Sótt 25.mars 2010 af:  
[http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/skyrsla\\_til\\_althingis.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/skyrsla_til_althingis.pdf)

Námsmatsstofnun.(2000). *Fjölpjódleg rannsókn á læsi 9 ára barna*. Sótt 15.mars 2010 af:  
<http://www.namsmat.is/PIRLS/umpirls.html>

Steinunn Torfadóttir (e.d). *Erfiðleikar með lesskilning*. Lesvefurinn. Sótt 15. mars 2010 af:  
[http://lesum.khi.is/kennsla\\_lesskilningur](http://lesum.khi.is/kennsla_lesskilningur)

Sungur, Semra, Ceren Tekkaya og Ömer Geban. (2001). „The contribution of conceptual change texts accompanied by concept mapping to student’s understanding of the human circulatory system.“ *School Science and Mathematics*, vol. 101 (2), febrúar.

Þuríður Jóhannsdóttir. (2009). *Réttmæti og áreiðanleiki*. Sótt 17.apríl 2010 af:  
<http://mennta.hi.is/vefir/ust/tjona/rettmaeti.htm>



# Fylgiskjal 1.

Spurningarlisti.

1. Hvernig vekur kennari áhuga nemenda sinna á því sem á að lesa?
2. Hvernig leiðbeinir kennari nemendum með að lesa það sem lesa á? Er farið í hugtök, orðaforða eða annað sem hjálpar nemendum að ná efninu?
3. Eru búnar til spurningar úr lesefninu og ef svo er hvernig eru þær spurningar? Eru þær opnar, lokaðar, taka á meginefni texta eða er verið að fást við aukaatriði?
4. Fer kennari yfir aðalatriði textans og ef svo er hvernig?
5. Er nemendum leiðbeint um hvernig hægt sé að geta sér til um áframhaldið?
6. Er nemendum bent á það sem þeir hafa lesið áður eða hafa reynslu af?

